

249. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 6. nóvember 2024 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja og Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2403044 - Mánaðayfirlit 2024

Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri fer yfir rekstrarstöðu málaflokksins.

Skóla- og frístundaráð þakkar Kristjönu fyrir góða yfirferð

Kristjana vísar af fundi.

2. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Áframhaldandi umræða ráðsins um fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

3. 2312220 - Tómsundaframlag - vinnumhópur um endurskoðun

Sviðsstjóri kynnir tillögur að fyrirkomulagi tómsundaframlags fyrir árið 2025.

Lagt fram til kynningar.

4. 2411021 - Brekkubæjarskóli - beiðni um viðbótarfjárveitingu vegna búnaðarkaupa

Skólastjórnendur Brekkubæjarskóla óska eftir viðbótarfjármagni vegna kaupa á tækjum og áhöldum fyrir mótuneyti og heimilisfræðikennslu í Brekkubæjarskóla.

Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri fylgir málinu eftir inn á fundinn.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að Brekkubæjarskóla verði veitt viðbótarfjárveiting að upphæð kr 638.448 til að bregðast við ófyrirséðum útgjöldum vegna heimilisfræðikennslu og flutninga á matvælum fyrir mótuneyti skólans. Umrædd útgjöld eru tilkomið vegna aðstæðna í skólabyggingunni.

Arnbjörg vísar af fundi.

5. 2402212 - Málefni leikskólastigsins 2024

Stytting vinnuvikunnar í leikskólum í kjölfar gildistöku kjarasamninga 1. nóvember síðast liðinn. Leikskólastjórnarnir Anney Ágústsdóttir, Ingunn Sveinsdóttir, Íris G.

Sigurðardóttir og Vilborg Valgeirsdóttir sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.
*Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum fyrir gott og gagnlegt samtal.
Málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi ráðsins.*

Leikskólastjórar víkja af fundi.

6. 2411002 - Niðurgreiðsla á árskort í sund fyrir eldra fólk.

Öldungaráð Akraneskaupstaðar bókaði á fundi sínum þann 18.10.24 að vísa máli um gjaldtöku vegna árskorta eldri borgara í sundlaugar bæjarfélagsins til umfjöllunar í velferðar- og mannréttindaráði. Í samræði við sviðsstjóra mennta- og menningarsviðs var ákveðið að erindið ætti heima í skóla- og frístundaráði. Öldungaráð leggur til við Akraneskaupstað að farið verði svipuð leið og Reykjavíkurborg gerir hvað varðar gjaldtöku árskorta fyrir eldri borgara. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kemur fram að gjald fyrir árskort eldri borgara (67) í sundlaugar Reykjavíkur er kr. 4.000.

Ef árskort fyrir eldri borgara á Akranesi yrði lækkað úr kr. 15.760 í kr. 5.000 þá yrði lækkun á innkomu samkvæmt útreikningi Daníels Glad forstöðumanns íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar um kr. 2.500.000 á ársgrundvelli, ef miðað er fjölda keypta árskorta undanfarin ár. Mögulega myndu fleiri eldri borgarar kaupa árskort ef gjaldið lækkar sem myndi draga úr hallanum.

Daníel S. Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindi Öldungaráðs Akraneskaupstaðar og leggur til við bæjarráð að Akraneskaupstaður taki upp sérstakt árskort fyrir 67 ára og eldri frá og með næstu áramótum. Ráðið leggur til að gjald fyrir slíkt kort verði kr. 5000. Málinu er vísað til umfjöllunar hjá bæjarráði.

Daníel víkur af fundi.

7. 2411005 - Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar barnasáttmálans

Akraneskaupstaður hefur unnið markvisst að innleiðingu verkefnisins Barnvænt Sveitarfélag í samstarfi við UNICEF síðan 2021. Nú liggja fyrir 17 aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og myndar aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2023-2025. Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats sem var framkvæmt frá 2021-2023 ásamt helstu niðurstöðum kortlagningar á velferð og réttindum barna á Akranesi.

Tilgangurinn verkefnisins er m.a. að innleiða verklag í stjórnsýslu Akraneskaupstaðar sem miðar að því að tryggja réttindi barna og að starfsfólk taki mið að Barnasáttmálanum með hagnýtum hætti.

Skóla- og frístundaráð fagnar þessum góða áfanga og styður fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun sem tryggir réttindi barna í allri stjórnsýslu Akraneskaupstaðar. Framkvæmd aðgerðaráætlunar er þegar hafin og leggur ráðið áherslu á áframhaldandi framvindu aðgerða með það að markmiði að sveitarfélagið öðlist viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag á árinu 2025.

8. 2408258 - Húsnæðisáætlun 2025

Húsnæðisáætlun 2025 til kynningar. Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri fylgir málinu eftir.

Skóla- og frístundaráð þakkar Valdísi fyrir greinargóða yfirferð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.